

hátt úr þeim göllum á virkjunum, sem fram höfðu komið við fyrri skoðun, þá skal greiða fullt gjald fyrir hverja nýja skoðun, sem gera þarf á virkjunum vegna þeirrar vanrækslu. 62
14. júní

4. gr.

Kostnaður, er rafmagnseftirlitið hefir af sérstöku eftirliti með uppsetningu virkja, sbr. 9. og 11. gr. reglugerðar um raforkuvirki, greiðist því eftir reikningi þess.

5. gr.

Fast árgjald af raforkuveri greiðist fyrirfram fyrir ár hvert og er gjald-dagi 2. janúar. Það má taka lögtaki.

Gjald fyrir skoðun og eftirlit greiðist, er skoðun hefir farið fram innan þess frests, er rafmagnseftirlitið setur. — Sé gjaldið eigi greitt á tilteknum tíma, getur rafmagnseftirlitið stöðvað rekstur virkjanna unz það er að fullu greitt.

6. gr.

Verði ágreiningur um reikninga rafmagnseftirlits ríkisins fyrir framkvæmd eftirlits með raforkuvirkjum, sker ráðherra úr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932, um raforku-virki og reglugerð um raforkuvirki nr. 61 14. júní 1933 til að öðlast gildi 1. júlí 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 8. jan. 1932 um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp. 63
15. júní

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisreksturs á útvarpi, er hér með gerð eftirfarandi breyting á reglugerð 8. jan. 1932 um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Verði útvarpsgjöldin ekki greidd innan tveggja vikna frá því er þau falla í gjalddaga, er heimilt að taka þau lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

Heimilt er útvarpsstjóra hvenær sem er eftir 1. júní að gera ráðstafanir til

63 Þess að láta taka úr notkun og innsigla viðtæki þeirra útvarpsnotenda, sem ekki
15. júní hafa greitt afnotagjöld sín fyrir þann tíma.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu útvarpsins þessara erinda, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um hífýli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

64

20. júní

REGLUGERÐ

um veitingaskatt o. fl.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði á matvörum, drykkjarföngum og öðrum neyzluvörum, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum, matsölustöðum, kökubúðum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Skattskyldar eru einnig hvers konar tækifærisveitingar, hvort sem þær fara fram einstaka hátíðisdaga almennings, eða til félags, er félagar einir eiga aðgang að, eða til stofnana fyrir starfsfólk þeirra.

2. gr.

Undanþegið skatti þessum er:

1. veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða seldar,
2. fæði, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra verði en kr. 1,25,
3. mjólk og skyr, sem eigi er selt með meira álagi en 25% frá útsöluverði á staðnum.

Undanþágur þessar eru bundnar því skilyrði, að veitingasalar sanni fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykja ástæður mæla með, að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.